

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 1998

9. janúar 1998

49

Nr. 28

GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorp-hreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:	kr.
A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði Sorphirðugjald á íbúð	7.750
Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.	
B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:	
Flokkur 1 Sorpeyðingargjald	0
Flokkur 2 "	15.000
Flokkur 3 "	30.000
Flokkur 4 "	60.000
Flokkur 5 "	90.000
Flokkur 6 "	150.000
Flokkur 7 "	210.000
Flokkur 8 "	345.000
Flokkur 9 "	525.000
Flokkur 10 "	15 kr/kíló

Bæjarstjórn skipar aðilum í gjaldflokka og tekur við álagningu mið af umfangi starfsemi og sorpgerð svo sem kostur er. Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða álagningu einstakra lögaðila ef verulegar breytingar verða á forsendum álagningarinnar.

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar mun setja sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins. Ef aðili er með rekstur bæði innan og utan marka bæjarfélagsins skal greiða sérstaklega fyrir förgun sorps frá þeim hluta starfseminnar sem staðsett er utan Ísafjarðarbæjar.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjalddögu bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjalddögu með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu á Ísafirði nr. 37/1997.

Umhverfissráðuneytinu, 9. janúar 1998.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.***GJALDSKRÁ****fyrir sorphirðu á Selfossi 1998.**

1. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið fyrir árið 1998 er sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 7.000 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

	kr.		kr.
Flokkur 1	9.000	Flokkur 6	134.000
Flokkur 2	19.000	Flokkur 7	175.000
Flokkur 3	27.000	Flokkur 8	220.000
Flokkur 4	56.000	Flokkur 9	263.000
Flokkur 5	89.000	Flokkur 10	310.000

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í gjaldskrá B.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka eftir magni úrgangs.

Gjaldtagi er 1. apríl. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og gilda árið 1998.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 130/1996 fyrir sorphirðu á Selfossi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. janúar 1998.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*